

Munck Íslandi ehf.
Hörður Gunnarsson
Hlíðasmára 4
201 Kópavogur

Reykjavík, 4. september 2020
UST202003-038/gf
08.08.02

Varðar fyrra reglubundna eftirlit 2020 - Malbikunarstöð Munck Íslandi ehf. í Kapelluhrauni


Þann 7.7.2020 fór fram eftirlit í malbikunarstöð Munck Íslandi ehf. Álhelli 18, Hafnarfirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Eitt frávik frá kröfum í starfsleyfi fannst í eftirliti. Ekki hafði verið skilað grænu bókhaldi vegna ársins 2019 eins og tilskilið er í reglugerð nr. 851/2002. Þar sem enginn rekstur var á árinu er frávikinu lokað og engin eftirfylgni verður vegna þess.


Þrjár ábendingar voru gerðar í eftirlitinu. Senda skal uppfærða áætlun um hvernig skal hefta rykmengun við móttöku, geymslu og flutning hráefna við óhagstæð skilyrði. Uppfæra þar viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar. Óskað var eftir því að upplýsingum um olíugeyma á lóðinni Álhelli 18 sé skilað til Umhverfisstofnunar.

Þar sem engin starfsemi var hjá rekstraraðila á árinu 2019 þá verður ekki eftirfylgni þótt grænu bókhaldi þess árs hafi ekki verið skilað.

Virðingarfyllst,



Gottskálf Friðgeirsson



Halla Einarsson
teymisstjóri

Afrit:
Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis

EFTIRLITSSKÝRSLA

Munck Íslandi ehf. Hafnarfjörður - Kapelluhraun



Dags eftirlits	7.7.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Munck Íslandi ehf.	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	Hlíðasmára 4	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	701013-0340	Flokkur	Malbik
Fulltrúi fyrirtækis	Hörður Gunnarsson	ÍSAT nr.	23.99.0
Fulltrúi fyrirtækis	Geir Birgisson	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit komu fram tólf eldri frávik frá kröfum í starfsleyfi og er farið fram á endurnýjaða tímasetta úrbótaáætlun vegna þeirra.

Eitt nýtt frávik frá kröfum í starfsleyfi fannst í eftirlitinu er varðar skil á Grænu bókhaldi fyrir árið 2019. Fram kom líka í eftirlitinu að engin starfsemi var í malbikunarstöðinni á síðasta ári og er því frávikinu lokað.

Þrjár ábendingar voru settar fram:

1. Senda skal uppfærða áætlun um hvernig hefta skal rykmengun við móttöku, geymslu og flutning hráefna við óhagstæð veðurskilyrði (Umhverfisstofnun skal yfirfara og samþykkja áætlunina).
2. Farið var fram á að bætt væri í viðbragðsáætlun að ef óhöpp verða þá sé Umhverfisstofnun tilkynnt um það með tölvupósti þ.e. í ust@ust.is
3. Óskað var eftir því að upplýsingum um olúgeyma sé skilað til Umhverfisstofnunar.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit með starfsleyfi malbikunarstöðvar Munck á Íslandi. Viðstaddir eftirlitið voru Hörður Gunnarsson og Geir Birgisson fulltrúar rekstraraðila, Rikharður Friðriksson frá Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogs og Gottskálk Friðgeirsson frá Umhverfisstofnun.

Dagskráin var eftirfarandi:

1. Útafstandandi frávik og athugasemdir frá eftirlitum 2018 og 2019
2. Kröfur í starfsleyfi
3. Áhættumat Umhverfisstofnunar til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
4. Skráning olúgeyma skv. reglugerð nr. 884/2017.
5. Skoðunarferð um viðeigandi svæði

Malbikunarstöðin er í Kapelluhrauni, við Álhelli 18. Ekki hefur verið framleitt malbik síðan 2018 og rekstraraðili tilkynnti rekstrarstöðvun þann 7. júní 2019. Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar var virkjuð.

Áætlun rekstraraðila kveður á um að ganga skuli frá húsnæði að ekki sé hætt á að dýr eða óviðkomandi aðilar hafi aðgang að því, húsum skal læst og lokað vel og vandlega. Gengið skal svo frá tækjum og búnaði að ekki sé fohætt, að þau valdi ekki umhverfislyti eða annarri mengun. Öll efni, hreinsiefni, olía eða önnur rekstrarvara skal fjarlægð af staðnum, skilað, seld til notkunar annarsstaðar eða fargað hjá viðurkenndri spilliefnamóttöku. Fara skal skipulega yfir lóð og hreinsa allt rusl.

Þegar rekstrarstöðvun var tilkynnt voru 14 opin frávik frá kröfum í starfsleyfi malbikunarstöðvarinnar, átta vegna eftirlits ársins 2018 og sex vegna eftirlits ársins 2019. Rekstraraðili kveðst í tölvupósti til Umhverfisstofnunar munu hafa gert umbætur og laga öll atriði sem frávikin snúa að þegar stöðin verður aftur keyrð upp.

1. Útafstandandi frávik og athugasemdir. Staða frávikna nú:

Frávik frá 2018:

1. *Ástand lóðar er ekki ásættanleg.* Litlar úrbætur hafa verið gerðar en lager byggingaverktaka er um allt svæðið og að sögn mun vera áfram á meðan malbikunarstöðin er í rekstrarstöðvun. Úrbótaáætlun rekstraraðila gerði ráð fyrir að tiltekt yrði lokið fyrir 1. maí sl. Það gekk ekki eftir.
2. *Aðgengi, girðingar og hlíð.* Stór hluti girðingar hefur verið endurnýjaður en enn er syðsta hlutanum ólokið. Myndavélaeftirlit er ekki komið upp. Búnaður hefur verið keyptur en enn á eftir að koma honum í notkun. Úrbótaáætlun rekstraraðila gerði ráð fyrir að vinnu við aðgengismál yrði lokið fyrir 1. maí sl. Það gekk ekki eftir.
3. *Malbikun á akstursleiðum.* Malbikun hefur ekki farið fram. Að sögn fulltrúa rekstraraðila mun það vera fyrsta verk þegar stöðin verður keyrð upp. Úrbótaáætlun rekstraraðila gerði ráð fyrir að akstursleiðir yrðu malbikaðar fyrir 1. maí sl. Það gekk ekki eftir.
4. *Rykbinding efnishauga.* Keyptar hafa verið byssur til vatnsúðunar en þær eru enn geymdar á lager. Rekstraraðilar telja vatnsúðun við vond veðurskilyrði möguleg með stuttum fyrirvara en það yrðu notaðar lausar slöngur og úðunaryssur festar að færanleg vinnutæki til bráðabrigða. Finasta efnið er að hluta innpakkað í segldúk. Úrbótaáætlun rekstraraðila gerði ráð fyrir að vinnu við vökvunarkerfi yrði lokið fyrir 1. apríl sl. Það gekk ekki eftir.

5. *Olíuhelt plan til úðunar á vörubílsþöllum.* Slíkt plan er enn ekki til staðar, einungis þvottaplan. Engin úðun á vörubílapöllum fer fram á meðan malbikunarstöðin er í rekstrarstöðvun. Úrbótaáætlun rekstraraðila gerði ráð fyrir að steyp / malbikað plan tengt olíuskilju væri komið í gagnið fyrir 1. maí sl. Það gekk ekki eftir.

6. *Frágangur við neyslugeyma.* Einn tómur neyslugeymir (tengist verktakastarfsemi fyrirtækisins) stóð á mól, án árekstravarna. Þrjú bambar (flutningseiningar) með repjuolíu stóðu upp við malbikunarsversmiðjuna utan lekavarnar. Engar lekavarnir né árekstrarvarnir voru við repjuolíukútana. Lausageymar sem staðsettir eru á lóðinni eiga samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila að vera innan árekstravarna. Það gekk ekki eftir.

7. *Verklag eða búnaður til þess að fylgjast með virkni reykheinsivirkis.* Engin breyting hefur orðið á þessu en malbik hefur ekki verið framleitt síðan 2018. Ef nota á verklag þá eru skráningar mikilvægar.

8. *Myndavélakerfi til þess að fylgjast með rykmyndun á lóð rekstraraðila.* Búnaður hefur verið keyptur en enn ekki settur upp. Úrbótaáætlun rekstraraðila gerði ráð fyrir að myndavélakerfi yrði komið upp fyrir 1. apríl sl. Það gekk ekki eftir.

Frávik frá 2019:

9. *Engin þjálfun í viðbrögðum við mengunaróhöppum.* Engin framleiðsla á malbiki og því engin meðhöndlun á olíuefnum. Rekstraraðili sagði danska starfsmenn Munck koma til landsins ef framleiðsla hefst. Þeir eru velþjálfaða og með reynslu í framleiðslu malbiks. Til stendur að þeir þjálfu íslenska starfsmenn þegar stöðin verður sett í gang. Úrbótaáætlun rekstraraðila gerði ráð fyrir að þjálfun yrði lokið fyrir 1. maí sl. Það gekk ekki eftir.

10. *Umgengni skal vera snyrtileg á rekstrarsvæðinu.* Sjá frávik nr. 1 frá 2018. Umgengni er enn ekki góð. Úrbótaáætlun rekstraraðila gerði ráð fyrir að tiltekt yrði lokið fyrir 1. maí sl. Það gekk ekki eftir.

11. *Rekstraraðili skal vera með viðbragðsáætlun.* Unnin hefur verið viðbragðsáætlun byggð á áhættumati. Fráviki því lokað en farið er fram á að inn í viðbragðsáætlunina verði sett að ef óhapp verður þá sé send tilkynning á Umhverfisstofnun í netfangið ust@ust.is

12. *Engar skráningar á rekstrarþáttum (mengunarvarnarbúnaði) eru gerðar hjá rekstraraðila.* Engin breyting hefur orðið á þessu enda starfsemi í rekstrarstöðvun. Farið er fram á að rekstrarhandbók (rafræn eða hefðbundin) sé sett upp fyrir starfsemi, olíuskilja þjónustuð og skráningar gerðar þar um. Aðrar skráningar, eins og tilskilið er í starfsleyfi, síðan færðar í rekstrarhandbók. Úrbótaáætlun rekstraraðila gerði ráð fyrir að skráningar yrði komnar í gott lag fyrir 1. maí sl. Það gekk ekki eftir.

13. *Engar mælingar á losun í útblæstri og fráveitu* hafa farið fram. Þar sem malbikunarstöðin hefur ekki farið í gang í bráðum 2 ár þá er ekki von á mengun frá stöðinni. Mælinganiðurstöðum er lofað þegar stöðin fer í gang. Úrbótaáætlun rekstraraðila gerði ráð fyrir að niðurstöðum mælinga bærust fyrir 31. maí sl. Það gekk ekki eftir.

14. *Grænu bókhaldi hefur ekki verið skilað.* Skiladagur fyrir grænt bókhald er 1. maí ár hvert. Frávik síðasta árs er því enn opið (þ.e. vegna rekstrarársins 2018). Úrbótaáætlun rekstraraðila gerði ráð fyrir skilum á grænu bókhaldi vegna rekstrarársins 2018 fyrir 1. maí sl. Það gekk ekki eftir.

Tilkynning um rekstrarstöðvun barst 7. júní 2019. Tólf frávikana eru því enn opin og þarfnast aðgerða. Þar sem úrbótaáætlun fyrirtækisins frá 9. janúar sl. gekk í flestum tilvikum ekki eftir er farið fram á endurnýjaða tímasetta úrbótaáætlun.

2. Kröfur í starfsleyfi

Eins og fram er komið hér að framan eru margar kröfur í starfsleyfi ekki uppfylltar. Farið var yfir aðrar kröfur og rekstraraðili mun senda uppfærðar áætlanir um hvernig hefta skal rykmengun við móttöku, geymslu og flutning hráefna við óhagstæð veðurskilyrði (Umhverfisstofnun skal yfirfara og samþykka áætlunina).

Áætlun (verklagslýsing) fyrir eftirlit með virkni reykheinsivirkis og ástandi stöðvar barst með úrbótaáætlun rekstraraðila þann 9. janúar sl. (viðauki II) og þar í er eyðublað til skráningar á eftirliti, viðhaldi og bilunum í reykheinsibúnaði.

Farið var yfir helstu skýrslur og gagnaskil sem krafist er. Grænt bókhald fyrir árið 2019 hefur ekki borist og er það frávik frá kröfum starfsleyfis. Frávikinu er lokað þar sem engin starfsemi var á öllu árinu 2019.

Tilkynningar. Farið var fram á að bætt væri í viðbragðsáætlun að ef óhöpp verða þá sé Umhverfisstofnun tilkynnt um það með tölvupósti þ.e. í ust@ust.is

Umhverfismarkmið. Rætt var um markmiðasetningu í umhverfismálum og hvernig nýta má markmiðin til þjálfunar á starfsmönnum. Með mælanlegum markmiðum þá er hægt að fylgjast með árangri og er hvetjandi ef allir starfsmenn eru upplýstir og vinna saman að því að ná markmiðum fyrirtækisins.

Ofanvatn. Gerðar eru kröfur um að þar sem mengandi starfsemi fari fram á lóðinni þar sé viðeigandi hreinsibúnaður. Engar kröfur eru hreinsunar annars ofanvatns í lóðinni. Fulltrúi heilbrigðiseftirlits fór yfir tenging ofanvatn á lóðinni inn á lögn Geymslusvæðisins sem endar úti í hrúni utan svæðisins. Heilbrigðiseftirlit Hafnarjarðar- og Kópavogs mun skoða þetta nánar.

3. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlits

Farið var yfir áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlits en skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit ber Umhverfisstofnun að ákvarða tíðni eftirlitsferða út frá umhverfisáhættu viðkomandi starfsemi. Malbikunarstöð Munck á Íslandi fór í eftirlitsflokk A sem gerir tvö eftirlit á ári. Áhættumatið verður yfirfarið í haust.

4. Skráning olíugeyma skv. reglugerð nr. 884/2017

Í 5. gr. reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi er fjallað um eftirlitsskyldu Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefnda varðandi eldsneytisgeyma og flutning olíu. Í samræmi við þær skyldur er sameiginlegt áhersluverkefni Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlitssvæðanna að skrá neyslu-, húsa-, bryggju- og lausageyma í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar. Eyðublaðið; 2020 Gagnasöfnun fyrir olíugeyma var afhent í eftirliti.

Óskað var eftir því að upplýsingum um olíugeyma sé skilað til Umhverfisstofnunar.

5. Skoðunarferð um viðeigandi svæði

Farið var í skoðunarferð um Álhelli 18. Stór hluti lóðarinnar er undir lager byggingarstarfsemi Munck og þar sem malbikunarstöðin er í rekstrarstöðvun þá þrengja kerfismót og annar búnaður mjög að stöðinni. Athugasemdir í frávikum sem skráð eru framar í eftirlitsskýrslunni lýsa ástandinu nokkuð vel. Auk þess var fundið að því að olíuskilja hefur ekki verið þjónustuð og eins að olíukútar með rejuolíu standa utan lekavarnar og án árekstrarvarna.

Tiltækt á svæðinu er mjög nauðsynleg, svo og frágangur yfirborðs. Ljúka þarf uppsetningu á girðingu um svæðið og myndavélakerfis. Uppsetningu vökvunarbúnaðar þarf að ljúka.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

ákvæði í grein 4.6

Skila skal niðurstöðum græns bókhalds árlega og skiladagur er 1. maí næsta ár á eftir.

Grænt bókhald ársins 2019 hefur ekki borist.

Frávikinu er lokað þar sem malbikunarstöðin var ekki starfrækt á árinu 2019.

ÁBENDINGAR

1. Senda skal uppfærða áætlun um hvernig hefta skal rykmengun við móttöku, geymslu og flutning hráefna við óhagstæð veðurskilyrði (Umhverfisstofnun skal yfirfara og samþykkja áætlunina).
2. Farið var fram á að bætt væri í viðbragðsáætlun að ef óhöpp verða þá sé Umhverfisstofnun tilkynnt um það með tölvupósti þ.e. í ust@ust.is
3. Óskað var eftir því að upplýsingum um olíugeyma sé skilað til Umhverfisstofnunar.


ANNAD

Ríkharður Friðriksson frá Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogi var viðstaddur eftirlitið.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 04.09.2020



Gottskálk Friðgeirsson